

Starfsskýrsla um árið 2011

Ársfundur 18. maí 2012

Stjórn og starfsmenn

Ársfundur Sagnfræðistofnunar 2011 var haldinn 3. maí. Valur Ingimundarson var endurkjörinn forstöðumaður. Í stjórn voru endurkjörin Valur Ingimundarson, Anna Agnarsdóttir sem fulltrúi kennara og Ólafur Arnar Sveinsson sem fulltrúi nemenda. Stjórnin hélt nokkra formlega og óformlega fundi á árinu. Forstöðumaður er jafnframt fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar.

Fjárhagur

Yfirlit yfir fjárhag ársins 2011 er lagt fram á fundinum ásamt ársskýrslu. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar. Bein fjárveiting frá Hugvísindastofnun var kr. 500 þúsund kr. Auk þess fékk stofnunin tæplega 2.2 milljónir í mótframög og 1.300 þús. kr. (eingreiðsla) vegna samnings við *Scandinavian Journal of History*. Stofnunin stendur nokkuð vel fjárhagslega, en skuldir vegna bókaútgáfu eru nokkrar. Haldið var áfram að greiða niður halla á útgáfustarfsemi. Fjárhagstaða Sagnfræðistofnunar í árslok 2011 var kr. rúmlega 5.900.000 milljónir í plús, en gera verður ráð talsverðum kostnaði vegna útgjaldaliða eins og Rannsóknasjóðs Sagnfræðistofnunar, Sögubings, launa fyrir stjórnarsetu frá árinu 2010, minningafyrirlestra Jóns Sigurðssonar fyrir árin 2011 og 2012 og taps á bókaútgáfu fyrri ára.

Föst verkefni

Vefsíðan *Söguslóðir* var sem fyrr í umsjá Guðmundar Jónssonar prófessors. Sigurður Ágústsson, MA-nemi í sagnfræði var ráðinn til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir Sagnfræðistofnun, eins og að sjá um bókakost stofnunarinnar og uppfærslu *Söguslóða*. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar og formaður stjórnar Miðstöðvar munnlegrar sögu. Á árinu var Már Jónsson er í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns fyrir hönd Sagnfræðistofnunar og fer hann þar með formennsku. Vinna við sögu íslenskrar utanlandsverslunar er á lokastigi og rit um meginniðurstöður Reykholtswerkefnis er í undirbúningi, sem Helgi Þorláksson ritstýrir með öðrum.

Bókaútgáfa

Tvær bækur komu út á árinu. Bók Sveinbjörns Rafnssonar *Af fornum lögum og sögum* kom út í ritröðinni Ritsafni Sagnfræðistofnunar. Sagnfræðistofnun stóð að útgáfu doktorsritgerðar Erlu Huldar Halldórsdóttur, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Meðútgefendur voru Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK).

Ráðstefnur og fyrirlestrar

- 1) Bernd Wegner, prófessor við Helmut Schmidt-háskólann í Hamborg hélt fyrirlestur 7. apríl. um efnið „Þýskaland og Evrópa á 20. öld“.
- 2) Í tilefni 200 afmælis Jón Sigurðssonar stóð Sagnfræðistofnun ásamt Háskóla Íslands og Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar fyrir málþingi 27. maí undir heitinu „Þjóðhetjan og og þjóðríkið – Jón Sigurðsson 200 ára“. Einnig stóð til að Geoff Eley, prófessor í sagnfræði og forstöðumaður sagnfræðideildar Michigan-háskóla, héldi minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar árið 2011 við sama tækifæri, en hann varð að hætta við komu sína til Íslands vegna eldgossins í Grímsvötnum. Í staðinn mun hann halda fyrirlestur á Söguþinginu 2012.
- 3) Sagnfræðistofnun stóð að ráðstefnunni „Cold War Cultures – Ideologies, Exchanges, Representations“ við Háskóla Íslands 23. og 24. september. Ráðstefnan var hluti af norrænu netverki og rannsóknaverkefni sem ber heitið the Nordic and North/Central European Network of Cold War Researchers (NORCENCOWAR), en það er fjármagnað með styrk frá norræna vísindasjóðnum Nordforsk. NORCENCOWAR stóð straum af kostnaði við ráðstefnun með mótframlagi frá Hugvísindastofnun.

Rannsóknasjóður Sagnfræðistofnunar

Á árinu 2011 var úthlutað í fyrsta sinn úr Rannsóknasjóði Sagnfræðistofnunar, en ákvörðun um að stofna hann var tekin á ársfundi stofnunarinnar í maí. Úthlutað var einu sinni úr sjóðnum árið 2011 á grundvelli reglna sem samþykktar voru á ársfundi. Hámarksupphæð styrks var 50 þús. kr. Margir kennarar nýttu sér þennan kost. Gert er ráð fyrir að úthlutað verði úr sjóðnum tvisvar á ári (apríl/nóvember).

Bókagjafir

Sagnfræðistofnun fékk að gjöf bækur úr safni Benedikts Gröndals, fyrrv. ráðherra, en það var í samræmi við óskir hans í erfðaskrá. Hér er um að ræða mörg innlend og erlend grundvallarrit á sviði stjórn mála, sagnfræði 20. aldar og kalda stríðsins.

Rannsóknir

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknum einstaklinga er aðeins sagt lauslega, enda gerð nákvæm grein fyrir þeim í *Ritaskrá Háskóla Íslands*:

Anna Agnarsdóttir birti kafla í bókinni í *Scandinavia in the Age of Revolution. Nordic Political Cultures, 1740-1820* (Ashgate, 2011). Var bókin kynnt í desember í London. Anna hóf einnig vinnu við nýtt verkefni – fræðilega útgáfu af *The Principal Navigations, Voyages, Traffiques and Discoveries of the English Nation* eftir Richard Hakluyt (1598-1600), en hún er einn þriggja ritstjóra IV. bindisins (af XIV) sem Oxford University Press gefur út. Á árinu vann Anna við að ganga frá bókinni *The Letters and Journals of Sir Joseph Banks: Iceland and the North Atlantic 1772-1820* sem ráðgert er að komi hjá Ashgate fyrir the Hakluyt Society árið 2013. Að öðru leyti má nefna þátttöku hennar í *Sögu íslenskrar utanlandsverslunar 900-2002*.

Eggert Þór Bernharðsson hélt einkum áfram með rannsóknarverkefnið „Sagan til fólksins. Margmiðlun og sagnfræði“. Þar eru kannaðir margvíslegir kostir á miðlun sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum og fjallað um samspil ólíkra miðla.

Gavin Lucas co-edited and contributed chapters to a book about recent archaeological research in Iceland in collaboration with Fornleifastofnun Íslands; the book (*Upp á yfirborðið. Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafraeði*) was written for a general readership. In addition,

he conducted archaeological excavations at the abandoned 20th century village of Sundbakki on Viðey, as part of an international project on modern ruins (see www.ruinmemories.org). The aim of the research is to explore the effects of early capitalism in Iceland through material culture as well as the cultural significance of such modern ruins. Papers were presented of this research at the Hugvísindafing and at a project workshop held in Cornwall; in addition, he also gave talks on later historical archaeology at the universities of Southampton and York and at the society of Icelandic archaeologists in Reykjavík.

Guðmundur Hálfðanarson lauk við sinn hluta af *Aldarsögu Háskóla Íslands* sem kom út á árinu í ritstjórn Gunnars Karlssonar. Að auki tók hann þátt í tveimur alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á árinu, sem lauk með útgáfu ritgerðarsafna. Þar var annars vegar um ræða norrænt verkefni um sagnaritun um síðari heimsstyrjöldina á Norðurlöndum, en Guðmundur skrifaði um Ísland (Henrik Stenius, Mirja Österberg og Johan Östling, ritstj., *Nordic Narratives of the Second World War. National Historiographies Revisited*, Lundi 2011). Hins vegar var það evrópskt verkefni um afmæli háskóla, en Guðmundur skrifaði þar um stofnun Háskóla Íslands (Pieter Dhondt, ritstj., *National, Nordic or European? Nineteenth-Century University Jubilees and Nordic Cooperation*, Leiden 2011). Skrifaði hann einnig grein í *Ritið* um Evrópusamrunann. Að síðustu er hann aðalritstjóri tímaritsins *Scandinavian Journal of History*.

Verkefni Guðmundar Jónssonar lutu mörg að starfsemi öndvegissetursins NORDWEL, m.a. skipulagði hann ráðstefnuna Crisis and Renewal í Reykjavík og flutti fyrirlestra í sögu velferðarmála. Guðmundur tók í fyrsta skipti þátt í EurAsia Network með erindi um lýðræðiskerfið á Íslandi. Guðmundur vann einnig að rannsóknum í neyðsögu með fyrirlestrum um þróun einkaneyslu í góðæri og kreppu 1995–2010 og um áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á mataræði á Íslandi; síðara efnið var birt sem grein (skrifuð með Erni D. Jónssyni) í ritinu Food and War. Í Ritsafni Sagnfræðistofnunar sem Guðmundur ritstýrir kom út ein bók, Af fornum lögum og sögum, eftir Sveinbjörn Rafnsson.

Helgi Þorláksson er í stjórn tveggja verkefna sem Sagnfræðistofnun stendur að, sem eru *Saga íslenskrar utanlandsverslunar frá landnámi til loka 20. aldar* og *Reykholtsverkefnið*. Lokaáfangar beggja verkefna eru á veg komnir. Helgi er með öðrum ritstjóri lokarits um Reykholtsverkefnið þar sem helstu niðurstöður verða dregnar saman. Þá tekur hann þátt í verkefni sem nefnist *The realm of Norway and its dependencies as a political system 1270-1380 (Norgesveldet som politisk system)*, sótti vinnufundi á vegum þess, flutti fyrirlestra og

birti greinar. Hann birti alls fjórar fræðilegar greinar á prenti og flutti fjóra fræðilega fyrirlestra, í Reykjavík, ma. á Hugvísindapíngi, í Reykholti og í Tromsö.

Ingi Sigurðsson vann einkum að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar og á íslenskri sagnfræði frá miðri 19. öld til samtímans.

Kristjana Kristinsdóttir hélt áfram athugun á lénsmönnum og skjalasafni þeirra. Einnig hefur hún umsjón með rannsóknarverkefni á vegum Þjóðskjalasafns þar sem embættisfærsla hvers embættis, allt frá 17. öld, verður skoðuð og lagt mat á þau skjöl sem eftir hvern embættismann liggja. Árið 2011 kom í netúgáfu á vef Þjóðskjalasafns tvær greinar, annars vegar um amtmann yfir öllu landinu 1688-1770 eftir Nönnu Þorbjörgu Lárusdóttur og hins vegar um amtmenn 1770-1904 og amtsráð 1875-1907 eftir Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur. Einnig flutti hún tvo fyrirlestra annan á Hugvísindapíngi og hinn í Færeyjum.

Már Jónsson hélt áfram rannsóknum á uppskriftum dánarbúa og öðrum arfaskiptagögnum frá 18. og 19. öld. Grein um efnið er væntanleg í tímaritinu Sögu. Hann birti greinar í erlendum ráðstefnu- og afmælisritum um erfðarétt á fyrri öldum og Jónsbók, auk ritdóms í Sögu. Hann hélt fyrirlestra um Árna Magnússon, galdrámál á 17. öld og Gamla sáttmála í Greifswald, Berlín, Gautaborg og Tromsö, auk Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði.

Orri Vésteinsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi og vann að ritun bókar um það efni. Hann stjórnaði úrvinnslu uppgrftar á Sveigakoti og gerði vettvangsrannsóknir í tengslum við rannsóknarverkefnið Gröf og dauði á Íslandi í 1150 ár. Hann gerði einnig vettvangsrannsóknir á Barbuda í Vestur-Indíum. Hann birti greinar um íslenska fornleifafræði í ritgerðasöfnum og tímaritum, ritstýrði einu ritgerðasafni og hélt fyrirlestra á ráðstefnum í Noregi, Bretlandi og Íslandi.

Ragnheiður Kristjánsdóttir hóf ritun bókar á ensku um sögu Íslands. Hún tók þátt í umræðum í tengslum við ritið *Þingræði á Íslandi* sem kom út haustið 2012, en þar átti hún þrjú kafla. Þá birti hún nokkrar smærri greinar og hélt fyrirlestra um efni sem mestmegnis tengdist sögu vinstrihreyfingarinnar á Íslandi.

Steinunn Kristjánsdóttir hélt áfram vinnu við fornleifarannsóknina á miðaldaklaustrinu að Skriðu í Fljótsdal. Uppgrefti á rústum þess lauk í ágúst og vinnur hún nú að úrvinnslu þeirra gagna sem safnað var þau 10 ár sem hann stóð yfir. Steinunn birti á árinu eina grein um rannsóknina í *Scandinavian Journal of History* og ber hún yfirskriftina „The Poisoned Arrows of Amor – cases of Syphilis from 16th century Iceland“. Þá var birt í prentaðri útgáfu

grein hennar og doktorsnema Cecilia Collins í *International Journal of Osteoarchaeology*. Greinin, sem ber heitið „Cases of Hydatid Disease in Medieval Iceland“, var birt á rafrænu formi í fyrra. Loks birtist ein grein eftir Steinunni í riti alþjóðlegu Víkingaráðstefnunnar sem haldin var á Íslandi árið 2009. Yfirskrift greinarinnar er „The Vikings as a Diaspora – Cultural and Religious Identities in Early Medieval Iceland“. Steinunn flutti fyrirlestur um Skriðuklaustur á Hugvísindapíngi í mars og annan á TAG ráðstefnunni sem haldin var í Kalmar í apríl. Þá flutti Steinunn fyrirlesturinn „Contemporary Archaeology in Iceland and the New Facets of the Past“ á fornleifafræðisafninu í Frankfurt í október í tilefni af bókamessunni sem þar var haldin.

Sveinbjörn Rafnsson vann áfram að rannsóknum á fornri íslenskri sagnaritun og lögum. Á árinu 2011 kom út bók eftir hann um þau efni, *Af fornum lögum og sögum. Fjórar ritgerðir um forníslenska sögu*, í Ritsafni Sagnfræðistofnunar. Þá má geta þess að á árinu 2010 kom út eftir hann viðamikil fræðileg ritgerð á dönsku um íslensku prestaskýslurnar um fornaldarleifar frá 19. öld, en fornleifanefndin sem stóð að söfnun þeirra markar upphaf nútímalegrar fornleifavörslu í Danaveldi og Þjóðminjasafns þar í landi.

Sverrir Jakobsson birti tvær greinar í Ritinu á seinasta ári. Önnur fjallaði um sögu háskólanna og hlutverk þeirra sem gagnrýnið Þjóðfélagsafl fram á 19. öld. Hin fjallaði um hugmyndina um Evrópu fyrir 1800, uppruna hugtaksins og notkun þess á mismunandi tímum til að efla sjálfsmynd tiltekins hóps, Evrópumanna. Þá ritaði hann grein um fræðastörf Jóns Sigurðssonar í Andvara. Sverrir fjallaði um trúboð á 9. öld og bar saman trúboðsstarf á Norðurlöndum og á Balkanskaga í grein sem birtist í búlgarska tímaritinu *Bulgaria Medievalis*. Í sænska tímaritinu *Historisk tidsskrift* birtust andmæli Sverris við doktorsvörn Henrik Bagerius. Sverrir ritaði bókarkafna um hugtakið Norðurlönd og mikilvægi þess fyrir sjálfsmynd Íslendinga í safnritið *Iceland and Images of the North*. Þá ritaði hann um íslenskar heimildaútgáfur í tékkneskt rit, *Almanach medievisty editora*. Þá birtist eftir hann einn ritdómur auk þess sem hann var höfundur að endurnýjuðum sýningartexta um Jón Sigurðsson í aðalsýningu Þjóðminjasafns. Sverrir tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um Austrómverska ríkið, 22th International Congress of Byzantine studies, sem haldin var í Sofía, Búlgaríu, 22.-27. ágúst. Sverrir hlaut í febrúar styrk úr sjóði Selmu og Kay Langvads við Háskóla Íslands. Meðal rannsóknaverkefna sem Sverrir vinnur að er þverfagleg rannsókn á sögu Breiðafjarðar þar sem hann er verkefnisstjóri. Hefur það verkefni hlotið þriggja ára styrk úr Rannsóknasjóði. Einnig á hann aðild að rannsóknarverkefni um Reykholt og rannsóknarverkefni um ímyndir Norðursins. Þá vinnur hann að útgáfu á íslenskri gerð

Hamborgarbiskupasögu eftir Adam frá Brimum. Sverrir er einn höfunda miðaldakaflans í yfirlitsritinu Vestnordens historie sem er afurð samnorræns rannsóknarverkefnis en verklok eru áætluð á árinu 2012.

Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á íslenskum utanríkismálum, samtímastjórnmálum, kalda stríðinu og landfræði-stjórnmála norðurslóða. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum í London, Árósum og Reykjavík. Bók hans *The Rebellious Ally: Iceland, the United States, and the Politics of Empire 1945–2006* (St. Louis og Dordrecht: Republic Letters Publishing) kom út árið 2011. Hann birti einnig kafla í bókinni *Arctic Security in the Age of Climate Change* (Cambridge: Cambridge University Press) um norðurslóðastefnu Íslands sem og grein um landfræðipólítík á norðurslóðum í tímaritinu *Aus Politik und Zeitgeschichte*. Hann tekur m.a. þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum m.a. á sviði stjórnmála og öryggismála á norðurslóðum og kalda stríðinu.

Þór Whitehead vann við rannsóknir á síðari heimsstyrjöld.